

**FIMMTA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 18. júlí 1984

**um aðlögun að tækniframförum á II., III., IV., V. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur****(84/415/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 83/574/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Til að tryggja almannaeilbrigði ber að banna notkun aristólóksýru (8-metoxý-3,4-metýlendíoxý-10-nítrófenantren-1-karboxýlsýra), sölt hennar og einnig allar tegundir veratrum í snyrtivörur.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er notkun eftirfarandi efna í snyrtivörur heimil: vetnisperoxíð í vörur til að verja húðina og í naglaherða, hýdrókínón sem húðhvítir fyrir afmarkaðan hluta húðarinnar og níkómetanólhýdróflúoríð (3-hýdroxýmetýlpýridíníumflúoríð) í vörur til munnhirðu, samanber þó tilteknar takmarkanir og skilyrði. Silfurnítrat er leyft endanlega til litunar á augnhárum og augabrúnum.

Glýseról-1 (4-amínó-bensóat) er útfjólublátt geislasíuefni og skráð sem efni nr. 4 í 2. hluta VII. viðauka. Það má því fella það niður sem efni nr. 2. í 1. hluta IV. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

Einnig er rotvarnarefnum nr. 56 og 57, sem skráð eru í 2. hluta VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, bætt í snyrtivörur í öðrum tilgangi.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

## 1. Í II. viðauka:

— komi í stað nr. 333.:

„333. Veratrum Spp. og efnablöndur þess.“

— bætist eftirfarandi atriði við:

„365. Aristólóksýra og sölt hennar.“

## 2. Í 1. hluta III. viðauka:

— verða tilvísunarnúmer 12 og 14 eins og hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 332, 28. 11. 1983, bls. 38.

a	b	c	d	e	f
12	Vetnisperoxíð	a) Hársnyrtivörur b) Vörur til að verja húðina c) Naglaherðar	12 % af H <sub>2</sub> O <sub>2</sub> (40 rúmmálshl.) 4% af H <sub>2</sub> O <sub>2</sub> 2% af H <sub>2</sub> O <sub>2</sub>		a- b- og c-liður Inniheldur vetnisperoxíð. Varasamt fyrir augun. Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau
14	Hýdrókínón ( <sup>1</sup> )  Hýdrókínón	a) Oxun litarefna til hárlitunar:  1. Til almennings nota  2. Til faglegra nota  b) Efni til að lýsa afmarkaðan hluta húðarinnar	2%      2%		a)  1. Má ekki nota til litunar á augnhárum eða augabrúnum. Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau. Inniheldur hýdrókínón  2. Aðeins fyrir fagmenn. Inniheldur hýdrókínón. Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau  b) — Inniheldur hýdrókínón — Varasamt fyrir augun — Berist á lítil svæði — Ef efnið veldur ertingu skal hætta að nota það — Ekki ætlað börnum yngri en 12 ára

— er eftirfarandi tilvísunarnúmerum bætt við:

a	b	c	d	e	f
47	Níkómetanólhýdróflúoríð	Vörur til munnhirðu	0,15% reiknað sem F Ef blandað saman við önnur flúorsambönd, sem leyfileg eru samkvæmt þessum viðauka, má heildarstyrkur F ekki vera meiri en 0,15%		Inniheldur níkómetanólhýdróflúoríð
48	Silfurnítrat	Má eingöngu nota í vörur til litunar á augnhárum og augabrúnum	4%		— Inniheldur silfurnítrat — Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau

3. Tilvísunarnúmer 2 og 6 falli niður í 1. hluta IV. viðauka.
4. Tilvísunarnúmer 11 falli niður í V. viðauka.
5. Í 2. hluta VI. viðauka bætist merkið (\*) við í dálk b á eftir efnunum með tilvísunarnúmer 56 og 57.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1985. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1984.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karl-Heinz NARJES

*framkvæmdastjóri.*

---